

1872.

7. septbr.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um aukaútsvar sveitarómaga.

Í brefi 18. septbr. f. á. hafið þér, herra amtmaður, lagt það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort Guðmundur nokkur Guðnason, sem á heima í Strandarhrepp og Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, sè skyldur til einsog álitid er í úrskurði stiptamtmannsins 4. janúar s. á., að greiða aukaútsvar þar í hreppnum til fátækra, þótt hann sjálfur fái árlegan fátækra styrk frá framfærsluhrepp sínum, sem er Þverárhlíðarhreppur í Mýrasýslu í vesturumdæminu.

Eptir að vér höfum gefið stiptamtmani tækifæri til að segja álit sitt um málið, gefum vér yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma í því, að eigi verði lagt aukaútsvar til fátækra á þá menn, sem sjálfir eru njótandi fátækra styrks, og verði því ekki jafnað niður á tæðan Guðmund Guðnason nokkru útsvari til Strandarhrepps ámeðan svona stendur á fyrir honum.

12. septbr.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald fyrir tekjurýrnun við landfógetaembættið.

Með brefi, dagsettu 13. dag júním. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra, þar sem kanselliráð Árni landfógeti Thorsteinsson hefir farið framá, að honum verði veitt árlegt endurgjald eptir meðaltölu þeirra tekja, sem hann hefir haft á fjarhagsárunum 1866—67—1870—71 af því, þegar borgað hefir verið fè í jarðabókarsjóð Íslands til þess það verði borgað aptur úr aðalfèhirzlunni, fyrir rýrnan þá í tekjum andfógetaembættisins, sem orðið hafi vegna þess, að menn svo að segja með öllu sè nú hættir að borga fè til jarðabókarsjóðsins, mót endurgjaldi úr ríkisfèhirzlunni, en senda nú peninga með